

Aðalfundur.

KKA-Akstursípróttafélag Akureyri

KKA Akstursípróttafélag · Kt: 420296-2319 · Skipagötu 7 · 600 Akureyri

Aðalfundur KKA er haldinn 11. október 2008, kl. 11:00 árdegis. Mættir skrá sig í fundargerðarbók á staðnum.

Dagskrá aðalfundar er þessi skv. lögum félagsins:

1. Setning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar og nefnda lagðar fram til umræðu og samþykktar.
4. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram til umræðu og samþykktar.
5. Kosning nefnda.
6. Sjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagabreytingar
8. Umræður um tillögur, sem fram hafa komið.
9. Kosning formanns.

Gengið er til dagskrár.

Formaður setur aðalfundinn og býður alla hjartanlega velkomna.

Fundarritari og fundarstjóri er kjörinn Þorsteinn.

Formaður flytur skýrslu stjórnar.

Ljóst er að KKA getur ekki haldið enduro mótið næsta vor ef ekki fæst land undir mótið. Fundurinn samþykkti að ekkert væri í stöðunni annað en að gefa frá sér móthaldið ef ekki fæst land undir mótið en ekki sé fært að halda mótið á neðra svæðinu sem BA er að fara að útbúa fyrir sína starfsemi.

Formaður upplýsir að hann hafi reynt að leita ráða hjá bæjarfulltrúum og bæjarstjóra, ÍBA og ÍRA o.fl. varðandi það hvernig sé best hægt að koma því í gegn að félagið fái svæði undir reiðhjóla og endurostarfssemi sína. Hann upplýsir að bærinn hafi ekki treyst sér enn að úthluta svæðinu til KKA í samræmi við samþykkt deiliskipulag því einhver hluti landsins sé enn í eigu einkaðila. Ekki er vitað hvaða hluti það er og reyndar hélt formaður að ekkert inná ætluðu svæði kka væri í einkaeign. Formaður upplýsir að hann ætli að fylgja erindi eftir sem hann sendi f. nokkrum vikum síðan um land undir enduromótið. Hann mun senda

Íþróttafulltrúa og formanni ÍRA bréf og muni hitta þessa aðila. Hann sendir stjórn afrit af bréfinu þegar að því kemur.

Formaður gerir grein fyrir reikningum félagsins.

- a. Rekstrarreikning KKA 2008. Rekstrarreikningur fyrir rekstrarár félagsins októ til októ sýnir tap kr. fyrir 10 mánuði ársins 2008 sýnir tap (kr. 1.457.309) vegna þess að kostnaður við ljósin o.fl. ber upp á þetta tímabil en styrkur Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands var færður á síðasta rekstrarári og var þá hagnaður töluverður. Tekjur ársins voru 5,3 milljónir en gjöld 6,2 millj. kr. Lýsingin er svo eignfærð í efnahagsreikningi sem þýðir að gjaldfærslan er tímabundin en til að sýna heildargjöld félagsins og félagsmenn sjái það glögg tæknifærslu hvernig fjárstreymi er inn og út. Kostnaður við lýsinguna kemur ekki alfarið inn á þetta ár en það sem telst til lýsingar er kr. 2.679.286, og ef sú tala er tekin út úr gjaldaliðum og sett inn í eignaliði og svo afskrifuð 10% þá er reksturinn jákvæður um 1,2 milljónir kr. Reksturinn hefur verið góðar þetta árið enda sýnir efnahagsreikningur góðan hag félagsins og best að vinna sér í þá ef menn hafa ekki spurningar um þennan lið. Reikningur borinn undir fundinn og hann samþykktur.
- b. Efnahagsreikning KKA októ. 2008. Formaður skýrir efnahagsreikninga. Þar kemur fram að eignir félagsins eru yfir 30 milljónir kr. handbært fé er tæplega 900.000 og skuldir eru engar, félagið á hljóðkerfi fyrir tæpar 600 þúsund og talstöðvar f. 300.000 auk annars smábúnaðar, félagið á ennfremur traktorsgröfu og jarðýtu fyrir rúmlega 4,3 milljónir án vsk., hús og fleira. Allar þessar eignir eru að fullu greiddar og skuldlausar. Sigurður Bjarnason tók að sér að koma traktor í geymslu, í vetur, formaður sér um að koma til hans lykklunum. Ereikningur samþykktur af fundarmönnum.
- c. Rekstur snócross er í plús. Tekjuafgangur var af rekstri mótaraðarinnar á síðasta tímabili.
- d. Formaður lagði fram útreikning á rekstrarútkomu móta. Aðgagnseyrir og sala í sjoppu er u.þ.b. jafnmikill og mótsgjöld. Því er líklegt að mikilvægt sé að hafa mótið um verslunarmanahelgi, þ.e. mannmergð er mikil í bænum og aðgangseyri því töluverður.
- e. Formaður fer lauslega yfir hreyfingalista sem er um 100 blaðsíður þannig að hann fer mjög fljótt yfir sögu. Hann lýkur yfirferð með þeim orðum að fundarmenn geti óskað eftir að fá listann á e-maili ef þeir óska eftir að skoða þetta nánar. Þeir sendi þá formanni beiðni um það á e-maili.
- f. Formaður leggur fram rekstraráætlun fyrir árið 2009.
- g. Mikilvægt mál á næsta ári er að fá starfsmann á svæðið. Sá myndi geta tryggt betri innheimtu á brautargjöldum og dagpössum. Hann gæti leiðbeint starfsfólki sumarskóla. KKA getur ekki haft sumarskólann nema hafa með verkstjóra og starfsmann á svæðinu. KKA getur ekki ráðið starfsmann á sinn reikning það er einfaldlega of mikil áhætta fyrir félagið því laun eru töluverð útgjöld sem geta endað með skuldaförum sem er ekki á dagskrá hjá félaginu. Tekjustofn fyrir KKA sem dekkar tekjugreiðslur starfsmanns þarf að vera tryggur áður en farið er í að ráða slíkan. Vænlegt er að Akureyrarbær leggi til mann í þetta verkefni. Það væri ekki út í hött, því sá væri verkstjóri fyrir sumarskóla og ennfremur að hjálpa KKA til að hafa meiri tekjur af brautinni og mannvirkjum sem leiðir til betri þjónustu fyrir bæjarbúa. Jafnvel að seljann út með véllum félagsins. Þetta gæti orðið til að félagið gæti komist á flot með að hafa starfsmann á sínum eigin vegum en félagið getur ekki tekið

áhættu á því að byrja, ef það mislukkaðist væri það ekki gott, félagið sæti eftir með skuldir sem bærinn hefur ekki samþykkt.

h. Fjórthjól.

Aðalfundur samþykkir að beina því til svæðisnefndar að gera tilraunir með það að hafa fjórthjól inni á svæðinu. Þó þannig að fjórthjól og tvíthjól séu aldrei saman í brautinni. Það má láta skiptast á á ákveðnum tíma, því reikna má með að ekki verði mikill ágangur í þessa tíma. eða haft alveg sértíma fyrir fjórthjól, svæðisnefndin útfærir þetta. Nefndin má að sjálfsögðu endurvekja bann stjórnar á fjórthjólum á svæðinu ef nefndin sér að þetta er ekki að ganga upp.

Þessir voru kosnir í neðangreindar nefndir:

Öryggisnefnd:

Sigurður Rúnar Sigbórsson, formaður

Nefndin hefur auga með því að æfingasvæði KKA í Glerárhólum sé eins öruggt og hægt er. Formaður nefndarinnar skal vera tilkallaður á svæðið fyrir mót af mótanefndinni til að skoða öryggismál og fara yfir þau með mótanefnd. Nefndin hefur yfirumsjón með öryggismálum félagsins og hefur vald til að grípa inn í öryggis vegna í hvaða starf félagsins sem er.

Svæðisnefnd:

Hakon Gunnar Hakonarson, formaður.

Unnar Helgason

Guðmundur Hannesson

Baldvin Þór Gunnarsson

Ingólfur Jónsson

Finnur Aðalbjörnsson

Svæðisnefndin hefur yfirumsjón með KKA svæðinu í Glerárhólum. Hún tekur ákvörðun um leigu svæðis og leigugjald og innheimtir leigugjaldið. Svæðisnefndin er ein um að geta ráðstafað svæðinu utan stjórnar félagsins. Nefndin skipuleggur viðhald og aðgang allan og eftirlit með KKA svæðinu. Nefndin ákveður æfingatíma og almenna opnun

svæðisins. Nefndin ákveður gjaldtöku (í samráði við stjórn félagsins) og rekstur svæðisins, og sér um innheimtu brautagjalda. Nefndin gerir áætlanir um hvað þarf á svæðið og kemur með tillögur til stjórnar. Nefndin ákveður vinnudaga í félaginu þar sem félagsmenn hópast á svæðið til verkefna sem nefndin hefur ákveðið í hvert sinn.

Mótanefnd:

Stefán Hansen, formaður. Stefán sér um snócrossið, 4 mót í vetur (fækkað um 2) og

Gunnar Hákonarson, sérlegur

Árni Grant

Finnur Gunnlaugsson

Vilhelm Þorri Vilhelmsson, hann og Ingólfur Jónsson eru sérlegir

endurobrautarlagningarmenn,

Sigurður Bjarnason

Geir Ómar Arnarson

Mótanefnd gerir mótaskrá félagsins og leggur hana fyrir stjórn í október ár hvert. Mótaskrá á að veratilbúin fyrir aðalfund félagsins sem haldinn er að hausti eigi síðar en í október.

Mótanefndin leggur mótaskrá fyrir stjórnásamtaknaðaráætlun og framkvæmda áætlun. Mótanefndin sér um allt mótahald á vegum félagsins. Þegar kemur að hverju móti sér mótanefndin alfarið um skipulag mótsins og framkvæmd.

Unglingaráð:

Arnór Ísak Guðmundsson, formaður

Bjarki Sigurðsson

Fulltrúar úr Unglingaráði mega sitja alla stjórnarfundum félagsins og skulu þeir koma þar á framfæri viðhorfum og hugmyndum yngrifélaga í KKA.

Foreldraráð:

Baldvin Birgisson, formaður.

Gunnar Hákonarson

Vilhelm Þorri Vilhelmsson

Fulltrúar úr Foreldraráði mega sitja alla stjórnarfundum félagsins og skulu þeir koma þar á framfæri viðhorfum og hugmyndum foreldra.

Fræðsluráð:

Þorsteinn Hjaltason, formaður. th@ALhf.is

Ráðið kemur á námskeiðum á svæðinu. Fá kennara norður, skipuleggja námskeiðisamráði við Svæðisnefndina. Ráðið sér um þjálfun á vegum félagsins ræður þjálfara og ákveður æfingartíma á KKA svæðinu.

Aganefnd:

Halla Berglind Arnardóttir, formaður. finnurhf[hjá]simnet.is

Til aganefndar senda menn kvartanir vegna samskipta félagsmanna.

Umferðarnefnd:

Helgi Hinrik Schiöth, formaður.

Hann hefur skipað þessa nefndarmenn:

Brynjar Schiöth

Guðmundur Hannesson og

Þorsteinn Hjaltason.

Nefndin vinnur að því að fá leyfi til að fara ákveðnar leiðir um landið, um slóða og stíga. Nefndin vinnur í því að fjölga slíkum leiðum sem félögum standa opnar. KKA merkir og viðheldur þessum leiðum og ákveður umferðarnefndin viðhaldsdaga til slíks og tilkynnir verkefni hvers dags. Nefndin sér um að láta gera skilti á leiðunum og hæla til leiðbeiningar um umferð og umgengi. Nefndin sér um að kanna leiðir og birta tilkynningar á vef félagsins hvaða leiðir eru færir og opnar. Nefndin sér enn fremur um að viðhalda reglum félagsins um umgengi um landið, gera breytingar og tillögur til stjórnar ef ástæða er til.

Ferðanefnd:

Vilhelm Þorri Vilhelmsson - formaður.

Skipuleggja ferðir á vegum félagsins. Ferðir á vegum félagsins eru reglulegar. Nefndin ákveður í hvert sinn hver verður leiðangursstjóri. Lýsingar ferðanna liggja fyrir og er ákveðið erfiðleikastig hvorrar ferðar til að félagsmenn geti valið sér ferðir við hæfi. Ferðir eru tilkynntar á vef félagsins og skal ævinlega ákveðin fjöldi fyrirfram og hann takmarkaður við það sem ráðlegt er eftir hverri ferð.

RC nefnd:

Jón Gísli Óskarsson, gsm. 862 2226, formaður. kka[hjá]icehobby.com

Birkir Sigurðsson

Geir Ómar Arnarson

Sér um það sem snýr að fjarstýrðum farartækjum á vegum félagsins.

Reiðhjólnefnd:

Hróbjartur Sigurðsson hroi[hjá]orkin.is

Sér um það sem snýr að fjallareiðhjólum.

Innheimtunefnd:

Þorsteinn Hjaltason

Sér um innheimtu félagsgjalda og gerir tillögur til stjórnar um afskráningu félaga af félagatali vegna vanskila.

Laganefnd:

Þorsteinn Hjaltason, formaður. th@ALhf.is

Sér um að gera tillögur um lagabreytingar.

Húsnefnd:

Kristján Ingi Jóhannsson, form.

Guðmundur Hannesson

Sigurður Rúnar Sigþórsson

Finnur Bessi Sigurðsson

Pálína Austfjörð

Herdís Regína Arnórsdóttir.

Embættismenn félagsins:

Hrafnhildur Björnsdóttir, bókari félagsins.

Stjórn var kosin svo:

Þorsteinn Hjaltason, formaður

Guðmundur Hannesson, aðalstjórn

Gunnar Hákonarson, aðalstjórn

Stefán Þór Jónsson, aðalstjórn

Vilhelm Þorri Vilhelmsson, aðalstjórn

Unnar Helgason, varamaður
Sigurður Bjarnason, varamaður.

Fundi slitið. 12.57